

# STARFSLEYFI

## Skálpi ehf.

Samkomusalur með móttökueldhúsi, afþreyingarstarfsemi með vélknúin farartæki

**Geldingafell við Skálpanesveg við Bláfellsháls,  
801 Selfoss**

kt. 550206 1290

Nafn og kt. rekstraraðila: **Skálpi ehf., kt. 550206 1290**

Heimilisfang: **Köllunarklettsvegur 2, 104 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 13. maí 2019**

**Gildir til: 13. maí 2031**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir samkomuhús og afþreyingarstarfsemi með vélknúin farartæki  
dags. 13. maí 2019**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 13. maí 2019



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR Samkomuhús

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir samkomustaði, sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk.	1277/2016 18. gr. 941/2002 3. og 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002 13.gr	
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er um að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 14.gr	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr	
1.6	Í umsókn skal tilgreina fastanúmer og skrá heiti þeirrar fasteignar sem fyrirhuguð starfsemi mun fara fram	1277/2016 23.gr.	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr	
2.3	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	
2.4	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti.	941/2002 15.gr Rg. 112/2012	
2.5	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
2.6	Tilkynna skal til heilbrigðisnefndar ef heimila skal hunda og ketti á veitingastað. Sjá viðauka.		

2.7	Húsnæði og búnaður veitingastaða skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi svæði.	1277/2016	
-----	--	-----------	--

### 3 HÁVAÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að ekki valdi ónæði.	724/2008	

### 4 HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin eftir þörfum sem ræðst af notkun húsnæðisins. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera eftir þörfum.	941/2002 14. gr	
4.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14. gr	
4.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11. gr	
4.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

### 5 MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	103/2010 og 852/2004	
5.2	Yfirmaður í eldhúsi veitingastaðar skal búa yfir fullnægjandi menntun og þekkingu í meðferð matvæla, hreinlæti og verkstjórn í samræmi við ákvæði matvælalag og gildandi reglugerðar um hollustuhætti.	1277/2016 16. gr.	

### 6 ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur.	941/2002 14. gr.	
6.2	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal vera merkt á fullnægjandi hætt. Öryggisleiðbeiningar um hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	941/2002 37. gr.	



- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennitur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2. UMHVERFI**

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmon. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

## **3. MENGUNARVARNIR**

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.



- 3.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.4 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 3.20.
- 3.5 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

### Úrgangur

- 3.6 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.7 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.8 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.9 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.10 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

### Meðferð hættulegra efna, þ.m.t. spilliefna

- 3.11 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 3.12 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.13 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.



### **Meðferð olíu og frágangur oliugeyma**

- 3.14 Um meðferð og geymslu olíu og frágang oliugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.15 Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu vera tryggðar við neyslugeyma og þeir þannig frá gengnir að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun. Þess skal jafnframt gætt að jarðvegur undir og umhverfis þá sé eins þéttur og völ er á.
- 3.16 Neyslugeymir sem notaður er fyrir áfyllingu á farartæki skal búinn yfirfyllingarviðvörn eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubysa skal vera þannig útbúin að ekki sé hægt að festa hana í opinni stöðu á milli afgreiðslna Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 3.17 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

### **Kælibúnaður og meðferð kælimiðla**

- 3.18 Um eftirlit með kælibúnaði og meðferð kælimiðla á kælibúnað fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með kæli- og frystibúnaði fyrirtækisins skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013.

### **Hávaði**

- 3.19 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

### **Loftmengun**

- 3.20 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.

### **Fráveitur**

- 3.21 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 3.22 Olíuskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 3.23 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróm af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.



#### 4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
- óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

4.2 Tilkynta skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeill, sbr. gr. 3.2.

#### 5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.

5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 13. maí 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

# Skálpi ehf.

kt. 550206 1290

**Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík**

vegna afþreyingarstarfsemi með vélknúin farartæki í starfstöð fyrirtækisins að Geldingafell við Skálpanesveg við Bláfellsháls í Bláskógabyggð.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 11. apríl sl. umsókn Herberts Haukssonar, kt. 120657 2599, f.h. Skálpa ehf., kt. 550206 1290, um starfsleyfi fyrir afþreyingarstarfsemi með vélknúin farartæki að Geldingafelli við Skálpanesveg í Bláskógabyggð.

Um er að ræða nýtt starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is). Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafultrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafultrúa um þessa þætti.

Þann 2. maí sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafultrúa Uppsveita Árnessýslu. Í dag, þann 13. maí, barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafultrúa um erindið, en tekið var fram í umsögn að svæðið væri í deiliskipulagsferli og að allar byggingar væru því með tímabundið stöðuleyfi þar til skipulagsferlinu væri lokið.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni



tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir afþreyingarstarfsemi með vélknúin farartæki á vegum Skálpa ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 12. apríl sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 10. maí sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 196. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 9. maí sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Skálpa ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 13. maí 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi